

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 187/2021

2024/EES/10/25

frá 30. júní 2021

um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi Covid-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ⁽¹⁾.
- 2) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 9f (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1021) í V. viðauka við EES-samninginn:

- „10. **32021 R 0953:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi Covid-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtið. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 10. lið í VIII. viðauka við EES-samninginn:

- „11. **32021 R 0953:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi Covid-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtið. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/953, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. júní 2021, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.